

Föstudaginn 22. júní 1990.

Nr. 418/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Bjarna Bernharði Bjarnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 16. október 1989 og jafnframt að kröfu ákærvalds.

Ákærvaldið krefst þess aðallega, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti öryggisgæslu á viðeigandi hæli.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og að 62. gr. almennra hegningarlaga verði ekki beitt.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit af dómþingi sakadóms Reykjavíkur frá 6. júní sl., þar sem sex lögreglumenn staðfestu skýrslur sínar, teikningar og ljósmyndir.

Upplýst er, að ákærði var hinn 20. febrúar 1990 vistaður á deild fyrir geðsjúka afbrotamenn í sjúkrahúsi í Västervik í Svíþjóð og hefur dvalist þar síðan. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Boga Th. Melsteds, yfirlæknis á sjúkrahúsinu, dagsett 13. júní 1990, en Bogi er sérfræðingur í almennum geðlækningum. Í vottorðinu kemur fram, að lækinnirinn er sammála þeim læknum, sem hafa áður haft ákærða til meðferðar, um sjúkdómsgreininguna schizofrenia paranoides. Ákærði sætir nú meðferð á lokaðri geðdeild sjúkrahússins, og er gert ráð fyrir því, að meðferðin taki allmörg ár. Í vottorðinu kemur fram, að Útskriftarnefnd Kalmarlens (Ut-skrivningsnämnden för Kalmar län) ber samkvæmt sænskum lögum að meta meðferðarþörf með reglubundnum hætti. Nefndin hefur

talið ótvírætt, að ákærði þarfnaðist meðferðar á lokaðri geðdeild.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 26. september, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 437/1989: Ákærvaldið gegn Bjarna Bernharði Bjarnasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 6. febrúar 1989, gegn ákærðum, „Bjarna Bernharði Bjarnasyni, Skúlagötu 68, Reykjavík, fæddum á Selfossi 3. desember 1950, fyrir manndráp, með því að hafa, aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988, svipt Karl Jóhann Júlíusson, fæddan 4. ágúst 1921, lífi í íbúð hans í húsinu nr. 11 við Lynghaga í Reykjavík með því að stinga hann 10 hnífstungum í herðar og bak og skera hann í brjósthol og á háls.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér segir:

[Einn skilorðsbundinn dómur fyrir þjófnað (1978) og sjö sektir ákveðnar með dómsátt.]

Málsatvik eru þessi:

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan 10.55 var lögreglan kvödd að húsinu Lynghaga 11 hér í borg. Þar tók á móti lögreglumönnum maður að nafni Helgi Trausti Hjartarson. Kvaðst hann hafa verið að vitja um kunningja sinn, Karl Jóhann Júlíusson, fæddan 4. ágúst 1921, sem í húsinu byggi, en komið að honum látnum. Síðan segir meðal annars í skýrslu lögreglu:

Aðkoman í íbúðinni var vægast sagt mjög slæm; þarna lá hinn látni í vesturhorni dagstofunnar á bakinu, og sneri höfuðið að vesturvegg. Á vegginn fyrir ofan hann var ritað með stórum stöfum, þvert yfir stofuvegginn, með blóði hins látna, eftirtalin orð „BADER MEINHOF“ og vísir að haka-krossi SS-sveita nasista fyrir framan orðin.

Á hálsi Karls Jóhanns var djúpur og langur skurður, sem virtist vera eftir eggjárn, og virtist undirrituðum hálsæðar og öndunargangur um barka vera skorið í sundur.

Um háls Karls Jóhanns var snúin snúra, tengd lítilli CB-talstöð, er lá við hlið hans; einnig hafði hann innan klæða einhvers konar tæki lítið um sig, sennilega tengt talstöðinni. Stofugólfíð er klætt teppi, og var mikið blóð á gólfinu, mest undir líkinu, en einnig á borðstofuborðinu, ofan á plötunni.

Á brjósti hins látna var stór ljósmynd af krossi á leiði.

Rannsóknarlögregla ríkisins var þegar kvödd á staðinn og kannaði hann ítarlega. Í skýrslu hennar segir meðal annars:

— — —

Gunnlaugur Geirsson prófessor krufði lík hins látna manns og lýsti áverkum á því þannig:

— — —

Ályktarorð prófessors Gunnlaugs Geirssonar eru svofelld:

Samkvæmt því, sem fram kom í lögregluskýrslu við vettvangsskoðun, krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta eftirfarandi: Maðurinn lést af völdum stungusára. Af ummerkjum þykir líklegast, að maðurinn hafi verið stunginn í bakið og hnífurinn gengið inn í brjóstholið. Á vettvangi mátti sjá merki þess, að blóð hefði spýst yfir borð skammt þaðan, sem líkið fannst. Fyrstu stungunni hefur verið fylgt eftir með 9 öðrum hnífsstungum í bak og herðar nálægt miðlínu. Álykta má, að hnífsstungunum hafi verið fylgt eftir með því að skera svöðusár á háls mannsins, sem sennilega hefur verið látinn eða í andarslitrunum, og hefur blóð runnið úr hálsæðum á gólfið, þar sem líkið lá. Frekari sköddun á líkinu hefur orðið við það, að rist var á vi. brjósthol, og myndaðist þar gapandi sár, og stungið var í vi. nára, getnaðarlim og lófa.

Af lögun sáranna má ráða, að áverkarnir hafa verið veittir með sterkum, egghvössum hnífi með fremur breiðum bakka. Ekki er unnt að kveða á um lengd hnífsins af sárunum.

Maðurinn hafði neytt áfengis fyrir andlátíð.

Réttarefnafræðilegt mat prófessors Magnúsar Jóhannssonar hljóðaði þannig:

Etanól í blóði mældist 1,58‰ og í þvagi 1,84‰. Í þvagini voru hvorki amfetamín, kannabínóíðar, morfín né benzóýlekgónín (eða kokaín).

Niðurstöður þessara rannsókna sýna, að maðurinn hefur neytt áfengis skömmu fyrir andlátið, en skýra það ekki að öðru leyti.

— — —

Ákærður var handtekinn á heimili sínu fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan 18.00. Á vegg í svefnherbergi ákærðs var sama áletrun og rituð hafði verið á vegg að Lynghaga 11, svo sem fyrr er lýst.

Sigurður Pálsson fangelsislæknir var fenginn til að skoða ákærðan, og segir í vottorði hans, sem dagsett er hinn 18. nóvember 1988, meðal annars:

„Ég skoðaði í gærkveldi ofangreindan mann sem er fangi í Fangelsinu við Síðumúla. Hann sýndi í viðtalinu greinileg merki mikillar geðveiki, raunveruleikatengsl og mat á atburðum í engu samræmi við eðlilega hugsun. Segir frá verknaðinum og hlær um leið. Hann hefur sögu um langvarandi geðveiki (skízfreniu) í kjölfar mikillar lyfjamisnotkunar og áfengis.

Við líkamlega skoðun kemur fram að fanginn er mjög spenntur. Órólegur í viðtali. Hann er klóraður á brjóstkassanum framantil vi. megin og á handarbaki hæ. handar. Segir að klórið á handarbaki hafi komið er „hann krufði líkið“. Annað fannst ekki markvert við skoðun.“

Tekin voru úr ákærðum blóð- og þvagsýni í þágu rannsóknar málsins og send rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Í matsgerð prófessors Magnúsar Jóhannssonar segir meðal annars:

Blóðsýni merkt RLR-79 og 80: Etanól var ekki í mæðanlegu magni í blóðinu. Í blóðinu fannst hins vegar diazepam, 75 ng/ml, og nordiazepam, 110 ng/ml.

Þvagsýni merkt RLR-81: Í þvagini fannst hvorki etanól amfetamín, benzóýlekgónín (umbrotsefni kokaíns) né morfín. Hins vegar fundust kannabínóíðar í þvagini (meira en 50 ng/ml).

Niðurstöður þessara rannsókna sýna, að hlutaðeigandi hefur tekið diazepam. Samanlögð þéttni þess og umbrotsefnisins nordiazepams svarsvar því, að það hafi verið tekið í litlum lækningalegum skömmtum. Magn kannabínóíða í þvagi bendir til þess, að hlutaðeigandi hafi einnig neytt kannabis.

— — —

Lögð hefur verið fram í málinu svofelld álitsgjörð Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, dagsett 9. febrúar 1989:

„Þann 2. desember 1988 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins eftirtalda muni til rannsókna á blóðblettum:

1. buxur af meintum morðingja,
2. blóð af vettvangi, talið úr hinum myrta, sbr. krufningu nr. 437/88,
3. blóð, tekið úr meintum morðingja.

Sýnin voru send dr. Patrick J. Lincoln, The London Hospital Medical College, London, Englandi og fara niðurstöður hans hér á eftir, sbr. bréf hans dagsett 1. febrúar 1989.

Valin voru þrjú svæði frá framangreindum buxum, sem talin voru með blóðblettum og var staðfest að þar væri um að ræða blóð úr manni. Einnig var unnt að prófa blóð það, sem talið var frá hinum myrta. Niðurstöður blóðflokka á þessum sýnum eru sem hér segir:

	ABO	EAP	PGM
Blóð frá meintum morðingja	A	BA	2 + 1 +
Blóð úr hinum myrta	O	BA	2 + 1 +
Buxur			
Svæði 1	O	BA	2 + 1 +
Svæði 2			2 + 1 +
Svæði 3	O		2 + 1 +

Ályktun.

Framanskráðar niðurstöður útiloka að blóðblettir í buxum ætlaðs morðingja séu úr honum sjálfum. Blóðblettirnir samrýmast því hins vegar að vera úr hinum myrta.

Um það bil 10% manna af vestur-evrópsku bergi brotnir hafa blóðflokkinn ABO-O, PGM 2 + 1 +, og gætu hafa gefið blóð það, sem fannst á buxunum.“

Álitsgjörð prófessors Gunnlaugs Geirssonar er í fullu samræmi við fyrrnefnt bréf dr. Patrick J. Lincoln, sem lagt hefur verið fram í málinu.

Vitnið Helgi Trausti Hjartarson öryrki, Skólavörðustíg 16, Reykjavík, kvað þá Karl Jóhann Júlíusson hafa verið mikla vini, þekkt allt frá æskudögum og stutt hvor annan, enda báðir átt við andlegan heilsubrest að stríða. Þeir hefðu yfirleitt haft samband sín á milli með 1-2 daga fresti, meðal annars um talstöð, enda fjarskipti áhugamál beggja. Vitnið kvaðst hafa talað við Karl Jóhann klukkan um 21.00 til 21.30 kvöldið áður en hann lést, í talstöð, og var vitninu kunnugt um, að aðrir talstöðvareigendur hefðu haft samband við hann allt fram til klukkan 03.00 um nóttina. Þar sem Karl Jóhann svaraði engu kalli næstu daga, hvorki í síma né talstöð, kvaðst vitnið hafa farið heim til hans fimmtudaginn 17. nóvember 1988 klukkan um 10.30. Karl Jóhann hafði látið vitnið fá lykil að íbúð sinni að Lynghaga 11, og þar kom vitnið að vini sínum látnum. Síminn hafði verið slitinn úr sambandi, en vitnið fór í nærliggjandi hús til að hringja

eftir aðstoð. Vitnið kvaðst ekki hafa hreyft við neinu, áður en lögreglan kom á staðinn.

Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærðan, en Karl Jóhann sagti því, að ákærður hefði komið í heimsóknir til sín og samband þeirra verið hið besta.

Vitnið Sveinn Bergmann Bjarnason öryrki, Lynghaga 11, Reykjavík, leigir íbúð í kjallara húss Karls Jóhanns Júlíussonar. Vitnið kvaðst hafa heyrt mikla háreysti frá íbúð Karls Jóhanns greinda nótt, allt fram til klukkan um 06.00 um morguninn, en þá hafi verið gengið niður í kjallarann og tekið þéttingsfast í hurðarhún hjá vitninu. Það hefði ekki ansað, en heyrt þann, sem þar var á ferð, hverfa á brott og útihurð skellt.

Vitnið Rannveig Guðríður Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands, Kleppsvegi 48, Reykjavík, skýrði frá því, að ákærður hafi komið á skrifstofu sambandsins klukkan um 11.00 mánudaginn 14. nóvember 1988, ritað nafn sitt í gestabók og jafnframt eftirfarandi: „EGÓ — HRIÐJUVERKAMAÐUR (sic) — RAF. FORINGI BA. M. HOF.“, og hefur ljósrit af gestabókinni verið lagt fram í málinu. Ákærður hafi síðan komið heim til vitnisins og eiginmanns þess þá um kvöldið klukkan um 23.00 og staðið við í um klukkustund. Vitninu fannst eitthvert rugl á ákærðum annað slagið, og auk þess hafði hann neytt áfengis. Vitnið kvaðst hafa tekið mynd af ákærðum þá um kvöldið, þar sem hann var með hníf og slíður. Mynd þessi var lögð fram í málinu.

Vitnið Hilmar Þór Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, Fellsmúla 22, Reykjavík, skýrði frá því, að ákærður hefði komið í leigubifreið þess á Hlemm-torgi klukkan um 02.00 til 02.30 aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og vitnið ekið honum að ósk hans fyrst á Umferðarmiðstöðina, en síðan vestur á Lynghaga. Þar hafi ákærður bent á hús nr. 11 og vitnið séð, að ljós voru tendruð í húsinu. Vitnið staðhæfði, að ákærður hefði verið með hníf og hulstur í fótum sínum. Það kvaðst lítið sem ekkert hafa talað við ákærðan og því ekki geta um andlegt ástand hans borið.

Vitnið Birgir Kjartansson leigubifreiðarstjóri, Arnarhrauni 31, Hafnarfirði, kvað ákærðan hafa komið að leigubifreið vitnisins utan við Hótel Sögu á milli klukkan 06.00 og 07.00, að morgni þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og óskað eftir akstri að Skúlagötu 68. Vitninu fannst ákærður ein-kennilegur í háttum og hafi því lítið til hans, trúlega tvívegis, og ákærður þá spurt, hvort eitthvað væri að, og vitnið því hvorki lítið til hans frekar né þeir talast meira við. Vitnið fullyrti, að blóðblettir hefðu verið á fatnaði ákærðs og hann hefði haft undir höndum eitthvert verkfæri, sem gæti hafa verið hnífur.

Vitnið Elsa Benjamínsdóttir kennari, Stóru-Klöpp, Mosfellsbæ, kvaðst hafa þekkt ákærðan til margra ára. Hann hafi komið heim til vitnisins þriðjudaginn 15. nóvember 1988, einhvern tíma á tímabilinu frá 11.00 til

12.00, og tafið í um hálfa klukkustund. Ákærður hafi verið áberandi ör og rugl á honum, og fannst vitninu, að hann væri annaðhvort verulega undir áhrifum fíkniefna eða geðbillaður. Ákærður var með hníf í slíðrum og hafði á orði, að hann hefði drepíð mann þá um nóttina, án þess þó að skýra það nánar fyrir vitninu.

Vitnin Hjörtur Pálmi Sæmundsson lögregluvarðstjóri, Laugarnesvegi 90, Reykjavík, Laufey Herbertsdóttir fangavörður, Baldursgötu 12, Reykjavík, og Jón Þór Þorbergsson lögregluvarðstjóri, Deildarási 3, Reykjavík, komu fyrir dóm og báru vætti í málinu. Einnig kom fyrir dóm Gísli Pálsson lögreglufulltrúi, Hverafold 82, Reykjavík, og rannsóknarlögreglumennirnir Haraldur Árnason, Bjarnastaðavör 3, Bessastaðahreppi, og Hannes Thorarensen, Kjalarlandi 21, Reykjavík, og staðfestu lögregluskýrslur sínar í málinu. Loks kom Gunnlaugur Geirsson prófessor, Nýja-Lundi, Kópavogi, fyrir dóminn og staðfesti álitsgjörðir sínar í málinu.

Ákærður var fyrst yfirheyrður um atvik máls þessa á dómþingi saka-dóms, sem háð var af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa árdegis föstudaginn 18. nóvember 1988, og var þá meðal annars eftirfarandi skráð eftir ákærdum:

„Kærði kveðst hafa farið að Lynghaga 11 aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember sl. milli kl. 02.00 og 03.00. Kærði kveður Karl Jóhann Júlíusson hafa opnað og boðið sér inn, en kærði kveðst hafa búið um tíma í kjallara-búð hjá Karli Jóhanni. Kærði kveður Karl Jóhann stundum hafa heimsótt sig á Skúlagötuna og hringt vegna húsaleiguskuldar.

Kærði kveðst hafa neytt áfengis þetta kvöld.

Kærði kveður aðspurður engin deilumál hafa verið á milli sín og Karls Jóhanns og þeir hafi sest niður og rætt málín. Kærði kveðst hafa haft Karl Jóhann grunaðan um ákveðna hluti, og tilgangur heimsóknarinnar á Lyng-hagann hafi verið að rannsaka þessa hluti. Kærði kveðst hafa tekið plötu með Louis Armstrong og óskað eftir því við Karl Jóhann að fá að spila hana. Kærði kveðst hafa sóst eftir því stíft að spila plötuna og sett hana á og beðið Karl Jóhann um að kveikja á tækjunum. Karl Jóhann hafi gengið að tækjunum. Kærði kveður að á þessu augnabliki hafi hann séð þessa hluti sem hann hafi rannsakað í réttu samhengi og séð að hann yrði að ráða Karl Jóhann af dögum. Kærði kveðst hafa stungið Karl Jóhann fjórar stungur í bakið. Kærði kveður þriðju stunguna hafa náð að hjarta-rótum Karls og fjórða stungan hafi náð að mænu, en þá hafi Karl Jóhann liðið út af. Kærði kveðst hafa haldið hendinni að höfði Karls Jóhanns til varnar því að hann gæti horft framan í sig. Kærði kveðst hafa velt Karli Jóhanni á bakið og rist með hnífnum upp kviðinn. Kærði kveðst hafa farið með hendurnar undir og slitíð á taug, sem liggur á milli hjarta og heila. Kærði kveðst síðan hafa farið með höndina upp að hálskirtlum til að

athuga hvort Karl Jóhann væri látinn. Kærði kveðst þá hafa greint með fingrunum að boð gengi enn á milli. Kærði kveðst einnig hafa greint að sál Karls Jóhanns var enn í hulstrinu. Kærði kveðst því hafa talið að Karl Jóhann væri að ranka við sér, og þá stungið hann á háls. Fá andartök hafi liðið, og hann hafi þá merkt að undir hjartarótinni var sálin að fara úr líkamanum. Kærði kveðst hafa náð henni og sér tekist að eyða henni.

Að þessu loknu kveðst kærði hafa tekið blóð úr líkama hins látna og notað það til þess að skrifa á veggi merki borgarskæruliða Baader-Meinhof, og kross hermdarverkamanna PLO — frjálsrar Palestínu.

Kærði kveðst síðan hafa gengið um íbúðina bæði efri og neðri hæð, og gert frekari leit vegna þeirrar rannsóknar sem áður er nefnd.

Kærði kveðst hafa farið af vettvangi, þvegið blóði drifnar hendur sínar í drullupolli á götunni, og stungið á hjólbarða á bíl hins látna. Það kveðst kærði hafa gert í þeim tilgangi að vekja athygli á því ástandi, sem var innandyra.

.....

Kærði kveðst hafa farið að Lynghaganum á þriðjudeginum til að gera frekari leit í húsinu kl. um 17.00. Kærði kveðst hafa farið að líkinu og séð að enginn hafði komið á staðinn. Þó kveðst kærði hafa haft það á tilfinningunni að einhver hefði komið inn bakdyramegin og farið inn í eldhúsið, en úr eldhúsinu sjái maður inn í stofuna. Kærði kveðst hafa stoppað stutt og farið upp á efri hæðina til að sjá hlutina í björtu. Kærði kveðst hafa séð að hann þyrfti ekki fleira að gera og því yfirgefið húsið og lokað því.

.....

Kærði kveðst hafa fengið ákveðnar upplýsingar í Istanbul á árinu 1982 hjá félögum sínum, um Geir Hallgrímsson, Sigurð Nordal og Karl Jóhann Júlíusson. Af þeim upplýsingum hafi hann ráðið að einn þeirra tengdist þeirri rannsókn sem kærði kveðst hafa unnið að. Á því augnabliki sem kærði kveðst hafa beðið Karl um að setja plötuna á fóninn hafi sér orðið ljóst að það var Karl Jóhann „af djúpu innsæi míns skáldlega ímyndunarheims var mér ljóst að þennan mann varð ég að taka af lífi.“

Kærði er spurður um það hvort honum hafi verið falið þetta verk af þeim félögum sem hann áður nefndi.

Kærði kveður það ekki beint hafa verið þannig, hins vegar hafi það verið ljóst að verkið var margflókið, og kærði einn fær um að vinna það, því drepa þyrfti sálina.

Kærði kveðst hafa keypt vopnið sem hann notaði, rýting, í verslun á Laugavegi nr. 85. Hann hafi ávallt borið hann á sér, og hafi hann ekki verið keyptur til að drepa Karl Jóhann.

Aðspurður um ljósmynd þá sem kærði lagði ofan á lík hins látna, þá

kveðst kærði hafa fundið hana á heimili hins látna og í kaldhæðni borgar-skæruliðans lagt hana ofan á lík hans.

..... Kærði kveðst aðspurður ekki hafa verið undir öðrum vímu-áhrifum en áfengi er morðið var framið.

..... Kærði kveðst hafa hrufað sig á höndum, og kveðst kærði telja að hann hafi hrufað sig á rifbeinum hins látna.“

Á dómþingi sakadóms næsta dag var eftirfarandi bókað eftir ákærðum: „Kærði er spurður af Boga Nilssyni, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, hvort hann muni eftir hljóðnema á heimili Karls Jóhanns.

Kærði kveðst muna eftir honum. Kærði kveðst hafa sent hljóðmerki með tækinu en rífið það síðan úr sambandi. Kærði kveðst hafa sett „tunerinn“ upp í munn hins látna og snúruna í kviðarholið, eða eins og kærði orðar það sjálfur „troðið tækinu upp í ginið og lagt snúruna við rafæð hins látna, og hljóðneminn hafi legið við síðu hans svo ekki væri tekið af honum áhugamál hans, og hann gæti haldið áfram að tala í tækin í dauðanum.“

Í dóminum í gær misritaðist nafn eins aðila, sem kærði nafngreindi. Kærði kveður það hafa verið Jóhannes Nordal en ekki Sigurður Nordal (sic), sem hann átti við.

Kærði er spurður um það hverja hann hafi hitt í Istanbul á árinu 1982. Kærði kveður það aðallega hafa verið félagar (sic) hans úr PLO.“

Á þessu sama dómþingi var ákærður að kröfu rannsóknarlögreglu úrskurðaður í gæslu, og hefur hann sætt gæsluvarðhaldsvist síðan.

Ákærður gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. desember 1988, og var frásögn ákærðs meðal annars á þessa lund:

— — —

Ákærður kom fyrir dómþing sakadóms hinn 5. apríl 1989, og var framburður hans þá í einu og öllu í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu, sem rakin hefur verið hér að framan. Í sömu mund og Karl Jóhann hafi ætlað að spila hljómplötu fyrir ákærðan, kvaðst hann hafa fundið hjá sér einhverja hvöt til að svipta manninn lífi. Játaði ákærður skýlaust, að hann hefði oftsinnis stungið Karl Jóhann hnífi í bak og herðar, rist hann á kvið og skorið hann á háls. Við atlögu ákærðs hefði Karl Jóhann látið lífið. Ákærður kvaðst ekkert sökótt hafa átt við Karl Jóhann, og hafi því verið um algjört geðveikiverk að ræða, enda hefði hann þá að undanfögnu átt við geðræn vandamál að etja.

Hannes Pétursson yfirlæknir var fenginn til að kanna geðhagi ákærðs. Í skýrslu læknisins, sem dagsett er hinn 8. desember 1988, segir meðal annars:

„Samkvæmt læknabréfum og sjúkraskrár hefur Bjarni vistast alls átta sinnum á Kleppspítala á árunum 1974-77, auk innlagnar á geðsjúkrahús

í Osló. Sótti meðferð á göngudeild Kleppsspítala fram til ársins 1983. Sjúkdómsgreiningar á þessum árum hafa oftast verið persónuleikatrúflun samfara vímuefnaneyslu og áfengismisnotkun, en af og til hefur Bjarni fengið einkenni um alvarlega geðveiki á þessum árum.

Samkvæmt upplýsingum frá Högna Óskarssyni geðlækni kom Bjarni reglubundið í meðferð hjá honum sl. 3-4 ár. Upphaf þess var, að Bjarni óskaði eftir meðferð í kjölfar þess, að Barnaverndarnefnd hafði afskipti af Bjarna og sambýliskonu hans vegna forræðis barna þeirra, en einhver óregla mun hafa verið á heimilinu. Þau hafi síðan slitið samvistum, en Bjarni haldið áfram í meðferðinni. Meðferðin hafi aðallega byggst á því að hjálpa Bjarna að ná aukinni félagslegri hæfni, og hafi honum tekist að stunda vinnu hluta af árinu. Fyrir tveimur árum hafi Bjarni fengið einkenni um geðveiki (orðið psykotískur). Hann hafi þá búið á Lynghaganum, dottið út úr meðferð, ekki viljað leggjast inn á spítala og ekki taka lyf. Sl. vor hafi farið að „hrikta“ í hjá honum, ekki þó með ranghugmyndir en varð hræddur. Tók aldrei lyf, en jafnaði sig. Hélt málverkasýningu og gaf út ljóðabók í haust. Átti síðast viðtal við Högna í septembermánuði sl. og þá ekki borið á neinu. Síðan hafi sambýliskona hans hringt í Högna og sagt að Bjarni væri þá orðinn geðveikur, væri erfiður og hefði hrint sér. Bjarni hvattur til að koma til áframhaldandi meðferðar. Högni sagði, að á þeim árum sem Bjarni hafi verið til meðferðar hjá honum, hafi aldrei komið upp ofbeldis-hugmyndir, en sér hafi þó verið kunnugt um andfélagslegan þátt í fari hans áður fyrr. Högni telur, að Bjarni hafi farið að neyta áfengis í því geðveiki-ástandi, sem hann hefur verið í undanfarnar vikur. Högni álitur að Bjarni hafi átt við að stríða alvarlegan geðsjúkdóm (schizophrenia).

— — —

Ályktun.

Að áliti undirritaðs er Bjarni Bernharður Bjarnason haldinn formlegri geðveiki (schizophrenia) og hefur hann átt við þann sjúkdóm að stríða, þegar atburður sá átti sér stað, er mál þetta snýst um. Telja verður mjög líklegt, að sjúkdómurinn hafi verið til staðar í mörg undanfarin ár, þó erfitt sé að greina slíkt með vissu samhliða fíkniefnaneyslu og áfengismisnotkun. Ennfremur virðist ljóst að veikindin hafa verið meira áberandi á ákveðnum tímabilum, en inn á milli borið minna á þeim.

Orsakir fyrir verknaði þeim er Bjarni er nú grunaður um er fyrst og fremst að finna í framangreindum ranghugmyndum, sem einkennt hafa veikindi hans. Lýsing Bjarna á hugarástandi sínu á þeirri stundu er hann segir ásetning hafa myndast er í samræmi við einkenni viðkomandi geðsjúkdóms. Áfengisneysla Bjarna fyrir umræddan atburð hefur án efa haft mjög slæm áhrif á hugarástand hans.

Að mati undirritaðs voru dómgreind og raunveruleikamat Bjarna Bernharðs Bjarnasonar stórlega skert vegna geðsjúkdóms þegar umræddur atburður átti sér stað og hann verður því að teljast ósakhæfur.“

Vitnið Hannes Pétursson yfirlæknir, Kjarrvegi 2, Reykjavík, kom fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína um geðheilbrigði ákærðs. Vitnið taldi refsingu ekki geta borið árangur og miðaði þá við ástand ákærðs, eins og það var, þá er hann framdi verknaðinn. Mat vitnisins var, að ákærður væri haldinn sjúkdómnum paranoid schizophrenia.

Leitað var álits lækna ráðs Íslands, hvort það væri sammála niðurstöðum prófessors Gunnlaugs Geirssonar í krufningarskýrslu hans sem og niðurstöðum Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærðs. Með úrskurði, dagsettum 13. júlí 1989, fellst lækna ráð á niðurstöður læknanna beggja.

Loks hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður lagt fram í málinu svofellt bréf Högna Óskarssonar geðlæknis til lögmannsins, sem dagsett er hinn 21. september 1989:

„Í bréfi yðar dags. 20. þ.m. er undirritaður beðinn að svara nokkrum spurningum varðandi Bjarna Bernharð Bjarnason, 031250-4399, vegna dómsmáls, sem höfðað hefur verið á hendur honum.

Ég ræddi við Bjarna Bernharð þann 18. þ.m. í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og mæltist hann til þess þá, að ég veitti yður þessar upplýsingar.

Svör við spurningum yðar fara hér á eftir.

1. Geðrannsókn Hannesar Péturssonar, yfirlæknis, er í aðalatriðum í samræmi við mínar upplýsingar um líf Bjarna. Ég er sammála niðurstöðu hans um ósakhæfi Bjarna Bernharðs 15. nóvember 1988. Það sem Hannes hefur eftir mér í rannsókn sinni er einnig í meginatriðum rétt. Rétt er að bæta við að ég sá Bjarna síðast þann 14. september 1988. Kom hann ekki í næstu viðtöl. Hafði ég fyrst símasamband en sendi honum síðan bréf þar sem ég minnti hann á að koma. Ræddi ég síðan við sambýliskonu hans. Sagði hún eftir Bjarna að hann mundi koma í næsta viðtal, sem hann gerði ekki. Taldi hún hann vera orðinn psykotískan og gaf ég henni ráð um það, á hvern hátt hún gæti fengið Bjarna innlagðan á spítala gegn vilja hans, teldi hún þörf á. Af því mun ekki hafa orðið. Næst sá ég Bjarna eftir að hann var kominn í fangelsi.

2. Að beiðni Bjarna hef ég rætt við hann í fangelsinu nokkrum sinnum undanfarið ár og nú síðast þann 18. þ.m. Psykotískt ástand Bjarna smá hjaðnaði þegar fór að liða á síðasta vetur og má segja að frá því í mars eða apríl hafi hann verið í sínu eðlilega ástandi, sem hann nær á milli psykósukasta. Er Bjarni þá í ágætum raunveruleikatengslum, hefur innsæi í eigin vandamál og er dómgreind þá í aðalatriðum innan eðlilegra marka.

Ég hef haft afskipti af málum Bjarna frá því desember 1984 og hefur hann einu sinni áður á þessu tímabili orðið psykotískur en það var árið 1986. Neitaði hann þá einnig allri meðferð. Það ástand varaði í tvo til fjóra mánuði.

3. Eins og ástandi Bjarna Bernharðs er háttað í dag, þá er það mat mitt, að hann sé ekki psykotískur, hann sé ekki haldinn ranghugmyndum, sem gætu leitt til voðaverka á þessari stundu. Í þessu felst þó ekki spá um það á hvern hátt geðheilsu hans muni vera háttað næstu árin. Er það ljóst, að þó ekki sé þörf á að úrskurða Bjarna Bernharð í öryggisgæslu eins og ástand hans er í dag þá er ekki hægt að spá fyrir um þörf á því eða annars konar viðeigandi gæslu og meðferð í næstu framtíð.“

Með framburði ákærðs sjálfs, sem er í fullu samræmi við vætti vitna og önnur þau sakargögn, sem rakin hafa verið hér að framan, er fram komin lögfull sönnun fyrir því, að ákærður hafi svipt Karl Jóhann Júlíusson lífi með hnífstungum á heimili hans að Lynghaga 11, Reykjavík, aðfaranótt þriðjudagsins 15. nóvember 1988 og þannig unnið verk, sem um er fjallað í 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skýrslur sérfræðinga og önnur þau gögn, sem fram hafa komið í málinu, sýna, svo að eigi verður um villst, að ákærður var haldinn geðveiki, þá er hann vann verk þetta, og með öllu ófær um að stjórna gjörðum sínum. Leiðir niðurstaða þessi til þess, að sýkna ber ákærðan af kröfu ákæruvalds um refsingu samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þegar á hinn bóginn er til þess litið, hversu alvarlegs eðlis verknaður ákærðs var, svo og til þess, sem fram hefur komið um geðhagi hans, þykir nauðsyn til þess bera réttaröryggis vegna, að hann verði dæmdur til þess að sæta öryggisgæslu á viðeigandi hæli samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til 178. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála verður ákvarðað, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd öryggisgæslunnar.

Þar sem ákærður er sýknaður af refsikröfu ákæruvalds, ber samkvæmt 140. gr. laga nr. 74, 1974, að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, krónur 180.000. Af hálfu ákæruvalds annaðist Guðjón Magnússon saksókn máls þessa.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Bjarni Bernharður Bjarnason, skal sæta öryggisgæslu á viðeigandi hæli. Áfrýjun frestar eigi framkvæmd hennar.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðs, kr. 180.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.